

III. Viðtöl við Jón Pálsson
og ritdómar um Austantórur.

1. Alþýðublaðið 11. nóvember 1944.
Viðtal við Jón Pálsson.
Merkilegur alþýðlegur fróðleikur
úr safni Jóns Pálssonar.
Blaðauðrklippa.

Merkilegur alþýðlegur fróðleikur úr safni Jóns Pálssonar

Hefir unnið að söfnun hans í áratugi og
kemur nú út í heftum

INNAN SKAMMS heftis
útgáfa á ritsafni Jóns
Pálssonar fyrrverandi banka
féhirðis en að ritsafni sínu
hefur Jón unnið í marga ára-
tugi og kennir í því margra
grasa. Megin hluti ritsafns-
ins er alþýðlegur fróðleikur
um þjóðhætti, landshætti,
fólk og atburði, aðallega
austan fjalls, „milli ána“
og er ætlunin að gefa rit-
safn þetta út í heftum undir
sameiginlegu heiti. Mun
Guðni Jónsson magister sjá
um undirbúning útgáfu þess-
arar.

..Tíðindamaður Alþýðublaðs-
ins heimsótti Jón Pálsson fyrir
nokkrum dögum, fékk að líta
á ritsafn hans og ræddi við
hann um það. Er ritsafnið á-
kaflega mikið að vöxtum og
munu handritin vera á fjórða
hundraðinu. Er þarna margs-
kona fróðleikur, auk mikils
safns gamansagna og skrítna
sem ekki mun vera í fórum
annarra manna nú, enda hefur
Jón lengi unnið að þessari söfn-
un sinni, eins og áður er getið.
Jón Pálsson sagði meðal ann-
ars:

„Vinir mínir ýmsir hafa
kynnt sér þetta „dót“ mitt og
ætla nú einn duglegur bókaút

gefandi að ráðast í að gefa það
út handa almenningi. Mér er
ekki vel kunnugt um allt fyrir
komulag útgáfunnar en Guðni
Jónsson mun sjá um hana, en
heyrt hefi ég að fyrsta heftið
eigi að koma núna fyrir jólin,
hvort sem verkfallið hefir
breytt eitthvað þeirri áætlun.“
— Og á hverju verður byrj-
að?

„Ég býst við að í fyrsta heft-
inu verði ágrip af ævisögum
nokkurra merkra manna, þar á
meðal Brands í Roðgúl og verð-
ur sagt frá ýmsum afreksverk-
um þessa afreksmanns. Þá verð-
ur og þáttur um þá feðgana Kol
bein í Ranakoti og son hans Þor
leif, svo og Sigmund í Fælu,
en sá bær og sá staður var
eitt sinn kunnur á Eyrarbakka,
þó að nú sé þar komið stórhýsi
með óvirðulegu nafni. Þá mun
og verða sagt frá í þessu hefti
hvað „gömlu mennirnir“, til sjós
og til sveita höfðu sér til leið-
beiningar um það (einkum aust-
an fjalls) hvernig víðra mundi
þann og þann daginn, næstu
dægur, vikur og jafnvel árið
M. a. var það ~~förumaðurinn~~
fiskarnir í sjónum (landssynn-
ingsgrallarinn), sjávarföllin og
brimhljóðið, hvort tveggja mis-
munandi mjög og lærdómsríkt,
hvernig blikurnar og boðaskell-
irnir, klósigarnir, rosabaugarn-
ir um sól og tungl, hverir og
hillingar, fuglarnir og dýrin og
fleira, hafði allt sína sögu að

Frh. á 7. síðu

THH Fjörumaðurinn

Safn Jóns Pálssonar

•Frh. af 2. síðu.

segja. Þetta voru merkileg vísindi og reyndust „gömlu mönnunum“ vel. Eg hygg að núlifandi kynslóð þekki lítið til þess ara vísinda hinna liðnu kynslóða og ég tel að hún hafi gott af því að kynnast þeim og mun, ef hún reynir þau, öðlast sömu reynslu og þeir, sem notuðust við þau. Ýmislegt fleira mun og verða í þessu hefti.

Í næsta hefti munu verða ýmsar aðrar frásagnir mínar, til dæmis um ferðalög á sjó og landi, sæluhúsin gömlu, veginna og áningastaðina alla leið austan úr Öræfum til Suðurnesja og Reykjavíkur, svo og um lendingarnar við suðurströnd landsins, fiskimiðin, verubúðirnar og lifnaðarhætti sjómanna. Þá er og von á lýsingu minni á verzluninni á Eyrarbakka fyrir 70—80 árum og ýmsu því, er þar fór fram, félagslífi manna og framkvæmdum á ýmsum sviðum, mannlýsingum mínum, en þær ná til flestra bænda og fullorðinna manna, sem heima áttu milli áanna Þjórsár og Ölfúsár, einkennilegum fyrirburðum á því svæði og fjölda mörgu öðru.

Það er margt sem ég hefi tekið saman. Nýjar heimildir um Kambsránið, samkvæmt sögnunum, sem ég hefi nýlega komið yfir, þátt af Jóni blinda og svo hefi ég hér ævintýri, barnasögur og margt fleira.

Þá skal ég geta þess að ég á orðið mikið safn fágætra orða, sem Sigfús Blöndal getur ekki um og loks vil ég nefna gamansögur mínar nú orðnar á 6. þúsund talsins.

Annars vil ég taka það fram að vinir mínir, og þá sérstaklega Guðni Jónsson munu velja úr þessari syrpu minni, það sem þeim þykir einhvers virði fyrir almenning að lesa, er heyrt hefi ég að þetta muni verða allmörg hefti í líkri stærð og „Arnesingasaga“ og munu heftin bera sameiginlegt heiti. En hvað bókin á að heita veit ég ekki enn. Stungið hefir verið upp á því að hún heiti „Austantóru.“

Jón Pálsson er fyrir löngu orðinn þjóðkunnur maður. Hann stundaði vinnumennsku og sjó sókn á yngri árum, verzlunarstörf við Einarshafnarverzlun og kennslustörf, stofnaði til dæmis skóla meðal sjómanna eystra í landlegum, en slíkir skólar voru síðar víðar stofnaðir í verstöðvum. Síðan flutti hann hingað til Reykjavíkur rétt eftir aldamótin og gerðist aðalgjaldkeri Landsbankans. Hann hefir verið mikið við félagsmál riðinn og alls staðar notið mikils trausts. Hefir hann til dæmis haft mikil afskipti af félagsmálum og uppeldismálum barna. Jón Pálsson er nú nálægt áttæður. Hann hefir fulla andlega heilsu og er heil náma af fróðleik og frásögnum svo að maður þreytist aldrei á því að heyra hann segja frá. Munu margir fagna því að ritsafn hans fer nú að koma út, því að mörgum hefir verið kunnugt af hve mikilli elju hann hefir unnid að því undanfarna áratugi.

Reykjavík 1960